Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

20. ár. | Reykjavík, 30. apríl 1914. | № 4.

Frá áhorfendasviðinu.

Nú er þá 11. apríl liðinn og kosningarnar um garð gengnar, með öllum þeirra óhljóðum og gauragangi. Leikslokin eru löngu kunn. Menn telja Sjálfstæðismenn í meirihluta, sjálfkjörna til að ráða lögum og lofum í þinginu og þessvegna ráðherraskifti óhjákvæmileg.

Fyrir okkur, hlutlausu áhorfendurna, er lítið annað að gera en bíða nú og sjá, hvernig þessi nýi meiri hluti, sem nú auðvitað tekur við völdunum, fer að efna öll sín fögru loforð, sem blöð hans héldu á lofti í haust og fram yfir miðjan vetur.

Þá fullyrtu blöðin »Ingólfur« og »Ísafold« að engum öðrum væri trúandi fyrir að koma stjórnarskrármálinu óbreyttu gegn um aukaþingið 1914. Engir aðrir en Sjálfstæðisflokkurinn mundi svikalaust fylgja því fram til sigurs og leiða það óbreytt til heillavænlegra lykta.

Nú bíðum við áhorfendurnir eftir því að sjá í sumar uppfyllingu og fullnægingu allra þessara góðu og fögru loforða. Allstaðar hafa menn látið í ljósi óskir sínar um að stjórnarskrármálið yrði samþykt óbreytt, svo útlit er fyrir að þjóðin hafi tekið Sjálfstæðisflokkinn »á orðinu«, og trúað honum einum, til að koma þessari lengi þráðu stjórnarskrárbreytingu fram. Þeim veðrabrigðum, sem rétt fyrir kosningarnar komu fram í blöðum þeirra, og jafnvel hafa haldið áfram síðan, virðast mjög fáir menn hafa gefið gaum. Flestir standa auðvitað í þeirri trú að *aðalprógramm* Sjálfstæðisflokksins á þessu þingi sé að leiða stjórnarskrármálið til lykta.

Þótt ýmsum af oss áhorfendunum hafi fundist ýmislegt benda á að brugðið gæti til beggja vona með endingu allra þeirra loforða, sem gefin voru framan af vetrinum, þá viljum vér að svo komnu máli, hvorki spá um það neinum illspám né gera neinum getsakir. Vér væntum þess, að þeir, sem með völdin fara, finni svo mikið til ábyrgðar þeirrar, sem á þeim hvílir gagnvart kjósendum sínum fyrst og fremst, og gagnvart öllum landslýð, að þeir muni hugsa sig vel um áður enn þeir eyðileggi þetta mál, hvort heldur væri beinlínis eða óbeinlínis. Vér hyggjum að enn séu fyrir hendi sömu knýjandi ástæðurnar, sem komu mönnum til að álíta stjórnarskrárbreytingu lífsnauðsynlega 1911 og 1913. Það eru ekki einungis ákvæðin um almennan kosningarrétt, sem menn vilja fá fram. Ákvæðin um burtnám konungkjörnu þingmannanna, um að ekki verði gert út um sambandsmálið til fulls nema það sé borið undir almenna atkvæðagreiðslu um skipun efrideildar, ákvæðin um að breyta megi því með einföldum lögum að fleiri séu ráðherrar en einn o. s. frv. hafa hingað til þótt mjög nauðsynlegar breytingar, sem ekki mættu bíða.

Vér teljum víst að allar þær konur, sem á einhvern hátt geta haft áhrif á þingmennina, noti þau til þess að gera sitt til að stuðla að því, að stjórnarskrármálið verði nú til lykta leitt óbreytt á þinginu í sumar, á þann hátt að enginn efi geti leikið á að það geti öðlast staðfestingu konungs.

Því tækist svo illa og óhamingjulega til að það yrði ekki afgreitt á þann hátt, að konungur fengist til að samþykkja það, hvernig ætla Sjálfstæðismenn þá að fara að? Treysta þeir sér þá til að byrja aftur á annari stjórnarskrárbreytingu næsta

sumar, sem verði í samræmi við það, sem konungur vill undirskrifa? T. d. með því að setja aftur inn í frumvarpið ríkisráðsákvæðið? Eða ætla þeir þá að láta sér nægja að þeir hafi nú komið stjórnarskrárbreytingunni fyrir kattarnef og leggja frumvarpið svo á hilluna um óákveðinn tíma?

Norræna kvennaþingið

verður haldið 10.—11. júní næstkomandi. Þessi lönd og kvenfélög eru boðin að taka þátt í því:

Finnland: Kvinnosaksföreningen »Unionen«,
Suomalainen Naislittoj.

Svíþjóð: Fridrika-Bremer-Förbundet.
Svenska Kvinnornas Nationalforbund,
Landsföreningen för Kvinnans Politiska Rösträtt.

Noregur: Landskvindestemmeretsforeningen,
Norske Kvindes Nationalraad,
Norsk Kvindesaksforening.

Ísland: Kvenréttindafélag Íslands.

Öllum þessum félögum er heimilt að senda svo marga fulltrúa sem þeir vilja frá hinum ýmsu deildum. Formenn félaganna eru einnig boðnir sérstaklega.

Þingið verður haldið í þingsal neðrideildar (Folkethinget) »Ríkisdagsins« í Kaupmh. ef þá verður þinghlé, sem til er ætlast.

Dagskrá Kvennaþingsins hefir verið send öllum, sem boðnir eru og er hún þannig:

Miðvikud. 10. júní

eftir að þingið hefir verið hátíðlega sett verður fyrsta mál á dagskrá tekið til umræðu, sem er:

*Familiuréttur*inn. Form. í dönsku deildinni í skandinavisku familíuréttarnefndinni prófessor við Kaupmh. háskóla dr. jur. *V. Benzon* verður málshefjandi. Síðan verða þessi 3 aðalatriði rædd:

1. *Fjárhagssamband hjónanna.*
2. *Persónulegt samband foreldra og barna,* með sérstöku tilliti til foreldravaldsins yfir óskilgetnum börnum sínum.
3. *Hjúskaparstofnun og hjónaskilnaður.*

Af þessum þremur atriðum, er ætlast til að þessi þrjú lönd, sem sett hafa nefnd til að athuga þetta mál ræði hvert sitt atriði þannig: að *Svíþjóð* taki framsögu á 1. atriðinu. *Noregur* á 2. og *Danmörk* á því 3. Verður þar yfirdómslögmaður Astrid Richmann málshefjandi. Hvert af þeim löndum, sem á fundunum eru, setur fulltrúa til að taka þátt í þeim umræðum, þar, sem það hefir ekki framsögu á. En í þessu máli eru það aðallega þessi 3 lönd, sem þar bæði reifa málið og halda uppi umræðunum.

Miðvikudagskvöld verður fundarefnið:

Kosningarréttur kvenna. Form. kvenréttindafélags danskra karlm., Prófessor Harald Höffding talar á þessum fundi. Þar eiga öll löndin (Kvenfélögin sem boðin eru) að setja einn fulltrúa til að taka þátt í umræðunum í 10—15 mínútur.

Fimtud. 11. júní.

Um morguninn fundur. Umræðuefni: Barnalöggjöfin, eins og hún er *nú*, og eins og æskilegt væri að hún *verði*. »Frá Dansk Kvinde-Samfund«, talar þar fyrir Danmerkur hönd frk. cand. phil. Helene Berg. Í þessu máli er Ísl., Noregi, Svíþjóð og Finnl. (félögunum) boðið að setja fulltrúa til að taka þátt í umræðum 20 mín. hvert land. Á eftir frjálsar umræður.

Síðdegis verður fundur um: *Sérbann fyrir konur*, einkum um næturvinnu.

Fulltrúar allra félaganna, 1 frá hverju þeirra, taka þátt í umræðum. Fyrir Danmörku (dönsku félögin) hefir framsögu umsjónarmaður verksmiðjanna frú Julia Arenholt. Hver ræða í 20 mín. Á eftir frjálsar umræður. Um kveldið veizla.

Eftir 12. júní er ætlast til að verði einn fundur um áframhaldandi samvinnu milli norrænna kvenfélaga.

Frá Kvenréttindafélagi Íslands, hefir Kvenréttindafélagið mælst til að cand. phil. frú Björg Blöndal mæti af vorri hendi fyrir Íslands hönd, og taki þátt í þessum umræðum. En á síðasta fundinum: Um áframhaldandi samvinnu norrænna kvenfélaga hefir það beðið frk. Laufey Valdimarsdóttur að mæta, ef hún sæi sér það fært tímans vegna. Frá hvorugri þeirra höfum vér enn getað fengið svar, en væntum að þær taki báðar þessu máli vel.

Ef einhverjar konur úr sambands deildum Kvenréttindafélags Íslands óska að taka þátt í þessum fundi, þá geta þær fengið umboð og upplýsingar hjá form. félagsins.

Barnaleikvellir og útiskólar.

I

Nú, þegar íslenzku konurnar eru að vakna til meðvitundar bæði um réttindi sín og skyldur, þá er ekki óþarft að yfirvega hvaða borgaralegar skyldur þeim muni fyrst verða fyrir að leggja sinn skerf til að verði uppfyltar. Og í sambandi við það að athuga hvort það séu í borgaralegu félagi, sem mest þurfi við hjálpar og umsjónar kvennanna.

Það er engum vafa undirorpið, að það er og verður jafnar komandi kynslóðirnar, börnin, sem nú eru, og börnin sem verða í framtíðinni, sem konurnar fyrst og fremst vilja hlynna að og búa vel í garðinn fyrir. Og á þann hátt má segja, að það verði þannig konurnar, sem mest muni leggja sig í líma til að vinna að sannarlegri farsæld og velgengni mannkynsins á komandi öldum.

Þar, sem konurnar hafa fengið mest borgaraleg réttindi, þar eru þær farnar að vinna ósleitilega að þessu. Í öllum uppeldis og skólamálum standa þær eftir megni á verði, fyrir heill og hagsæld barnanna. Þær láta sér ant um að þau fái sem bezt uppeldi, að réttindi þeirra gagnvart foreldrum og þjóðfélaginu séu sem bezt tryggð, að þeim sé ekki ofboðið með óhollri og ofmikilli vinnu á barnsaldrinum, að þau fái góðan og traustan þekkingargrundvöll undir framtíð sína, að launaskilyrði þau, sem þau eigi að búa við, sem fullorðin, tryggi þeim heiðarlega framtíð, ef þau með reglusemi og dugnaði vilji sjálf vinna fyrir sér, og að landslög og réttur verndi þau svo lengi, að þeim sé ekki slept eftirlitslausum út á vinnumarkaðinn, fyr en þau séu orðin sæmilega þroskuð, og fær um að sjá um sig sjálf.

Flestir þeir, sem áhuga hafa fyrir aukinni vellíðun þjóðanna, sjá ekki betra ráð til þess, en endurbætt uppeldi æskulýðsins, og ýms meðul eru þar notuð, sem nauðsynlegir liðir í uppeldisfræðinni. Því öllum hefir orðið það ljóst, að til að hefja þjóðirnar á hærra þroskastig, bæði siðferðislega og efnalega, þá yrði fyrst og fremst að bæta uppeldi æskulýðsins. Það væri ekki nóg að gefa ungmennunum svo eða svo hátt lágmark af þekkingu, heldur yrðu þau að fá vandað siðgæðilegt heilbrigt uppeldi, þar sem æska þeirra gæti notið sín, og þau fengju bæði æskugleði, starfslöngun og fróðleiksfýsn sinni fullnægt og leitt í réttar stefnur.

Í þessum efnum hefir hin unga þjóð Bandaríkjanna verið frumkvöðull og brautryðjandi í ýmsum greinum. Hún hefir ekki haft neinar gamlar venjur eða hleypidóma í eftirdragi, og því verið jafnan fús og fyrst til að grípa ýmsar nýjar hugsjónir á lofti, og leiða þær út í lífið, íklæddar holdi reynzlunnar og veruleikans. Og mikið af því hefir einmitt verið konunum að þakka. Þær hafa þar, meira en í nokkuru öðru landi, fengist alment við kenslu í alþýðuskóluuum, og því orðið til þess að vekja máls á ýmsum göllum, sem skólunum og barnauppeldinu væri samfara, nú sem stæði.

Ameríkumenn, sem stöðugt hafa orðið fyrir því að taka á móti hinu mikla aðstreymi allra þjóða, sem oft hefir ekki verið af beztu tegundinni, hafa fljótt fundið, að til þess að þjóð þeirra yrði framkvæmdar og fyrirmyndarþjóð í heiminum, þá þyrftu þeir að gefa henni fyrirmyndar uppeldi. Til þess mætti ekkert spara.

Og þetta hafa allir fundið. Alþýða manna í Ameríku nöldrar ekki og kvartar yfir kostnaðinum við skóla sína. Nei, yfir þeim er hún ánægð og sýnir þá með stolti og gleði útlendu uppeldisfræðingunum, sem árlega heimsækja þá, til að læra af þeim. Ameríska þjóðin elskar börnin sín, og fyrir þau vill hún leggja alt í sölurnar. Það eru ekki einungis uppeldisfræðingarnir, sem skilja það, að börnin séu aðalauður þjóðarinnar, heldur er nær því hvert mannsbarn gagntekið af þeirri hugsun og um leið af trúnni á það, hvað gott uppeldi sé nauðsynlegt og þýðingarmikið fyrir velferð allrar þjóðarinnar, þess vegna taka öll góðgerðafyrirtæki fyrst og fremst tillit til velferðar mæðra og barna. Fyrir þau er í Ameríku gert svo mikið, að við hér, í hinum fátækari löndum Norðurálfunnar, getum naumast skilið eða hugsað oss það.

Einn liðurinn í þessu þjóðlega uppeldi og skólalífi barna í Ameríku, eru hin svokölluðu „playground-movement", eða leikvallahreyfingin, sem nú hefir náð þeirri útbreiðslu á fáum árum, sem annarsstaðar mundi ekki hafa komist svo langt á jafnmörgum áratugum Það, sem aðrar þjóðir eyða árum við að kenna bóklega, það taka Ameríkumenn á sinn praktíska hátt, og sýna *í verkinu* hvernig það eigi að vera. Bjartsýni þeirra og trú á framfarahugsjónirnar, sýnir þeim altaf nýja vegi til þess að búa æskulýðinn betur úr garði, til þess að mæta freistingunum og finna ánægju og gleði bæði í vinnu hvíld. Þeir vitna oft í orð Maeterlincks: „Siðferðisgildi þjóðarinnar er eins mikið komið undir því hvernig hún notar frítíma sína, eins og undir vinnu og styrjöldum". Ameríkumönnum er jafn ant um að til séu hollar skemtanir handa þjóðinni, og Forn-Grikkjum var. Það er opinbert málefni, sem öllum kemur við.

Í fyrstu átti aðeins að halda börnunum frá hinum siðspillandi áhrifum götunnar og garðsvæðanna, í kringum húsin, því voru gerðir leikvellir hingað og þangað í borgunum, einkum í verkafólkshverfunum. Menn afgirtu dálítil horn af skemtigörðum bæjanna handa börnunum, notuðu óbyggð hússtæði, gamla kirkjugarða, heppilegar fjöruspildur o. s. frv. Auk heldur þökin á stórum byggingum, t. d. skólum, í þéttbygðustu borgarhlutunum voru útbúin fyrir leiksvæði handa börnunum. Á einu slíku skólaþaki var nóg rúm handa 2000 börnum, sem lyfti þeim upp úr versta göturykinu, í hreinna og hollara loft.

Smámsaman hafa menn hækkað þetta hugsjónamark sitt þannig, að nú eru leikvellirnir orðnir miklu meira, heldur en staður handa drengjunum til að æfa knattleik eða aðrar slíkar íþróttir.

Nú leitast menn líka við, samhliða leikjum, íþróttum og hollum líkamsæfingum, að skapa góða siði, og vinna að líkamlegum og siðferðislegum styrkleika og þroska. Menn leitast við að vekja áhuga hjá börnunum á ýmsum efnum, og þroska viljaþrek þeirra, framkvæmdir, hugsjónir, eldmóð og lífsgleði.

Þessi uppeldishugsjón hefir víkkað og vaxið svo mikið, að hún er nú orðin þjóðlegt áhugamál. Það eru ekki aðeins áhugasamir uppeldisfræðingar, sem nú fylgja þessu fram, heldur hafa allir, sem hafa áhuga fyrir þjóðfélagsmálunum, orðið gagnteknir af henni: læknar og verkamenn, allir, sem vinna að uppeldismálum, fátækramálum og barnaverndun, — kvenfélög, verzlunarhús, kirkjufélögin, auk heldur aðrir — eru önnum kafnir í þessu máli. Pólitísku flokkarnir taka þetta mál á stefnuskrár sínar, og það er orðið almenningi nærri því jafnmikið áhugamál eins og skólamálin. Öllum skattskyldum borgurum er bent á og brýnt fyrir þeim, að vanrækta barnið, sem ekki hafi lært góða hegðun og virðingu fyrir réttindum annara, muni oftast síðar meir, kosta ríkið stórkostlegar fjárupphæðir, við dómstólana, í fangelsum, spítölum eða á fátækrahúsum. „Áður fyrri hegndu menn afbrotamönnum, svo fóru menn að leitast við að betra þá, en nú er reynt að koma í veg fyrir að barnið alist upp til að verða afbrotamaður", segja Ameríkumenn bæði í orði og verki.

Einkum hafa kvenfélögin unnið mjög alvarlegt og heillavænlegt starf, bæði í „teoretisku" og verklegu tilliti, að líkamlegum og sálarlegum þroska og framförum uppvaxandi og komandi kynslóðanna.

Amerískar konur hafa bæði tíma og hæfileika til þess að kynna sér þyngstu og erfiðustu viðfangsefnin í þjóðfélögunum með áhuga, og hafa heppileg og bætandi áhrif á þau. Því hefir það verið í flestum borgum, að það hafa verið félög, privat góðgerðafyrirtæki, og stórgjafir einstaklinga, oft jafnvel margt af þessu í samvinnu, sem með frjálsum samskotum hafa komið upp fyrstu leikvöllunum þangað til bæjarfélagið hefir styrkt þá, sem venjuega eftir fá ár hefir svo tekið að sér leikvellina og útiskólana og lagt þá undir verk- og valdsvið skólastjórnanna, sem nú útnefna kennara, skipa umsjónar- og eftirlitsmenn o. s. frv.

Í Chicago buðust fangarnir í einu fangelsinu til þess að búa út leikvöll, sem ekki var fé til að kosta. Í Kansas stofnuðu litlu blaðadrengirnir (sem seldu blöðin) til opinbers knattleikmóts til þess að safna fé til leikvallarútbúnings. Víða hafa umsjónarmenn skólanna byrjað þessa hreyfingu á þann hátt, að fá hóp af óeigingjörnum dugandi meðborgurum til þess að útbúa leiksvæði og sjá um leik barnanna, og eftir nokkur ár hefir svo bærinn verið búinn að eignast heila tugi af leikvöllum, sumarskólum, sumarleyfisnýlendum og sérstaka „sumarhressingarnefnd". Í Boston byrjaði þessi hreyfing 1866 sem nokkurskonar kirkjuskólar, sem hættu eftir nokkra áratugi, en var tekin aftur upp af skólastjórnunum 1894—1900, og sett undir þeirra stjórn og umsjón. Í New-York var það fátækrastyrktarfélagið, er kom þeim fyrst á fót 1897, og lagði þá undir skólastjórn borgarinnar. — Leikfimissalir skólanna, áhöld og umhverfi, eru notuð svo mikið sem unt er, því fjárupphæðir þær, sem liggja í byggingum, áhöldum og lóðum, eiga að notast svo mikið sem unt er. Sumstaðar hafa lögin skipað fyrir að hafa sumarleikvelli. T. d. í Massaschussets er skipað fyrir með lögum að hver borg, sem hafi 5000 íbúa eða meira, skuli eftir 1. jan. 1913 útbúa og viðhalda að minsta kosti einum opinberum leikvelli, á hentugum stað, nægilega stórum og hentuglega útbúnum, og að þar skuli jafnan vera settur leikvallarstjóri sem fái viss laun fyrir starf sitt, annaðhvort fyrir þær vikur sem leikvöllurinn sé opinn, eða fyrir hvern dag.

Ef ekki er vakað yfir leikvellinum, með stöðugu eftirliti og umsjón, þá verður hann miklu gagnsminni. Eldri og sterkari börnin ná yfirráðum á honum sér til handa, og verða svo hávær og aðgangsfrek að þau trufla alt nágrennið, auk þess sem leikvöllurinn verður þá samkomustaður lakasta hlutans. Það hefir sýnt sig, að ef tveir leikvellir hafa verið í sömu borg, annar með leikstjóra, en hinn án hans, þá safnast börnin þangað sem leikstjórinn er, af því þau þurfa viturlega tilsögn, og reglulega stjórn, einnig við leiki sína, og þurfa altaf að fá að læra eitthvað nýtt.

Nú eru menn farnir að skilja það, að þessir leikvallastjórar, persónulegir eiginleikar þeirra, og hæfileikar í þessu tilliti, aðferðir, dagfar og skilningur þeirra á börnunum, séu langtum mikilvægari en öll áhöld og útbúnaður leikvallanna. Einkum er það í borgum og verksmiðjuhéruðum, þar sem góð leikvalla svæði eru til, að miklir hressingarmöguleikar fara að forgörðum, ef útlærða leikvallastjóra vantar.

Í margar aldir hafa menn í orði kveðnu viðurkent hin uppalandi áhrif og nauðsyn þess, að láta hressandi hvíldarstundir skifta hinni tilbreytingarlausu vinnu, sem annars verkar deyfandi á sál og líkama. En menn hafa ekki í verkinu gert einstaklingunum mögulegt að seðja leiklöngunina. Ameríkumenn segjast einkum hafa undrast það, að reynsla sé fengin fyrir því, að börn fátækra innflytjenda hafi ekki kunnað að leika sér. Þau hafi verið búin að týna því niður. Og svo hafi menn orðið að ginna þau með „Slöjd" og handavinnu til leikvallanna, því foreldrar þeirra hafi álitið leikina vera tímaeyðslu, og ekki skilið þann þroska og framfarir, sjálfstjórn, sjálfsafneitun og samkend með

öðrum, sem leikvöllurinn getur alið upp hjá börnunum. Það umkringi, áhuga og störf, sem efnaðir foreldrar leitast við að gefa börnum sínum, til þess að þau eyði ekki tímanum með leti, óknyttum, og draumlífi, það vilja menn nú gefa öllum börnum. Öll börn hafa jafn mikinn rétt til leikja og þægilegra skemtana, eins og til fæðunnar.

Praktisk félagsstörf.

Ekkert er það, sem meira getur vakið eftirtekt okkar íslenzku kvennanna, þegar við komum til annara landa og förum að veita hinu margbrotna lífi borganna eftirtekt, en það, hvað konur eru þar víða praktiskar, bæði í félagsskap og samvinnu hver við aðra, og einnig út af fyrir sig. Í hinum stærri borgum hafa konur víða í félagsskap reist stórar byggingar, kvennahótel, byggingar, þar sem einhleypar konur, sem stunda atvinnu í borginni geta leigt sér þægilegt húsnæði, fengið ódýran mat, og haft sameiginlegan samkomu og lestrarsal fyrir alla bygginguna o. s. frv.

Víða þar sem bindindishreyfingin er komin talsvert áfram, gera konur mikið fyrir hana. Auk hinnar venjulegu agitatorisku bindindisstarfsemi koma þær upp ýmsum praktiskum stofnunum, til að fyrirbyggja að verkamenn fari með laun sín á hótellin. T. d. sumstaðar koma þær á fót lestrarsal og bókasafni, í sambandi við kaffistofu, þar sem ódýrt kaffi fæst keypt, t. d. bollinn á 10 aura. Þessar stofnanir hafa þær venjulega skamt frá, þar sem margir verkamenn vinna, rétt í leiðinni fyrir þeim. Þar er sérstakt herbergi til að þvo sér o. s. frv.

Þá eru kaffivagnarnir alþektir, sem konur hafa sett upp og allan daginn eru á ferð með heitt kaffi um borgirnar, handa verkamönnum, til þess að koma í veg fyrir öl- og brennivínsdrykkju þeirra.

Þá hafa konur myndað félög til að koma á fót matsöluhúsum, sem ekki seldu áfengi. Þar mætti allan daginn fá góðan ódýran mat til þess að fyrirbyggja, að menn færu á hótellin. Í Sviss hafa konur byrjað á slíkri bindindisstofnun fyrir nokkrum árum, og hefir hún þótt gefast mætavel. T. d. er nú í Zurich 14 áfengislaus mat- og kaffisöluhús, sem sótt eru daglega af mörg þúsund mönnum. Þessar stofnanir eru stofnaðar og reknar einungis af konum, sem einn liður í bindindisstarfseminni.

Í Danmörku, sem þó fær orð fyrir allmikla vínnautn, hafa konur líka tekið þetta mál upp. Það er »Danske Kvindens Forening for Alkoholfri Restauranter«. Þetta félag er myndað eftir áeggjun og í samráði við helztu mennina í »Blaa Kors« félaginu (sem er bindindisfélag) í nóv. 1910. Á þessum stutta tíma hefir félagið opnað 3 vínlaus veitingahús. Tilgangurinn er að koma einu slíku kaffi og matsöluhúsi í hvern bæjarhluta.

Húsin eru á góðum stöðum með görðum fyrir framan, þar sem á sumrin eru settir út bekkir og borð, sem gestirnir geta setið við og etið eða drukkið í næði það, sem þeir fengu sér til hressingar. Þar fást allskonar bindindisdrykkir, sem einkum eru notaðir á sumrin.

Á vetrum er það einkum matsalan sem bezt þrífst, enda kostar þar fullur kostur ekki nema 35 kr. mánaðarlega. Heita morgunverðarrétti má fá fyrir 35—50 aura. Miðdagsmat frá 55—75. Kaffi og te 10 aura. Ekki má gefa þar drykkjupeninga.

Utan úr heimi.

Á sambandsþingi Bandaríkjanna í Washington var í vetur ger breytingartillaga við stjórnarskrá Bandaríkjanna þess efnis, að konur fengju kosningarrjett, og þyrfti þá þetta mál ekki að samþykkjast á fylkjaþingunum, heldur ganga til þjóðaratkvæðis. Til þess ,að stjórnarskrárbreyting sé samþykt, þarf $^2/_3$ atkvæða. Tillagan var feld með 1 atkvæðis mun.

Nú hefir aftur komið fyrir sambandsþingið önnur breytingartillaga í líka átt. Hefir nefnd úr báðum deildum haft hana til meðferðar og samþykt hana með öllum atkvæðum gegn tveimur. Svo líkur eru til að hún fái nokkurn byr í þinginu.

Á Englandi þrjóskast stjórnin við öllum óskum bæði karla og kvenna að leggja fram stjórnarfrumvarp til að veita konum kosningarrétt. Ótal sendinefndir frá karlmönnum hafa verið gerðar á fund Asquith's, en hann felur sig stöðugt fyrir þeim og neitar öllum um áheyrn. Frá Skotlandi

hefir tvívegis komið nefnd, kosin af bæjarstjórnum helztu bæjanna þar, Edinborg, Glasgow, Liverpool, Manchester og New-Castle on Tyne o. fl. og samansett af borgarstjórum, lögreglustjórum og ýmsum helztu mönnum þeirra. En alt kom fyrir ekki. Í fyrra sumar er þeir komu til London og urðu frá að hverfa án þess að sjá ráðherrann, þá héldu þeir mótmælafund á húsþrepskildinum nr. 10 í Downing Street, embættisbústað ráðherrans. Þá kvað hann engan vilja standa að baki þeirra, þrátt fyrir bæjarstjórnirnar. — Nú höfðu þeir myndað félag, sem þeir kalla »The Northern Men's Federation« (Norðlingafélagið), til að vinna að kosningarrétti kvenna, og komu svo aftur til London bæði með umboð bæjarstjórnanna og félaga sinna í febr. síðastl. En þá var þeim varin gatan að húsi ráðherrans með lögregluliði. Þeir urðu æfir við og héldu strax mótmælafundi. Kváðust mundu vinna móti stjórninni, sem þeir gætu og fá aðra til þess.

Önnur merk sendinefnd sem ekki fékk að sjá ráðherrann, var sendinefnd biskupa og presta, sem Asquith neitaði móttöku. Fyrir henni var biskupinn af Lincoln, og fjöldi annara merkra biskupa og klerka. En alt kom fyrir ekki. Englendingar sjálfir eru nú farnir að skilja aðferð stjórnarinnar, en blöðin hjálpa henni með því að þegja um alt það í viðureign kvenna við stjórnina, sem bætt eða réttlætt gæti málstað kvenna, en telur alt upp sem spillir honum. Þannig er því varið að í Englandi bætast æ fleiri við, sem afsaka konurnar og halda fram réttum málstað þeirra, en utan Englands eru þær ott áfeldar, af þeim sem ekkert þekkja til þessara mála.

Bækur.

Músik-nýjung.

Olfert Jespersen útgefandi músik-blaðsins „Det grönne Hefte", hefir sent ritstýru Kvennablaðsins nokkur hefti til umsagnar, og hefir blaðið séð um, að farið hafi verið yfir heftin af sérfræðingi í þeirri grein. Mest megnis eru það danslög, mjög vel valin og ágæt til síns brúks. Til dæmis er jólaheftið 1913 mjög skemtilegt. Þar er meðal annars „Two Steph" úr Sommerrevyen 1913, Olfert Jespersens; „Mikkel Jydes-Mazurka, eftir sama, ljómandi fallegur; í því er líka „Hönsepassiar, Intermezzo" eftir E. Juel Frederiksen, mjög fjörugt og ber nafn með rentu.

Í sumum heftunum eru lög eftir fræg tónskáld, svo sem: Mendelsohn, Wagner o. fl., létt og laglega raddsstt fyrir Piano, vel tilfallin handa byrjendum. Þess skal getið, að hægt er að fá 3. hefti, sem er fullkomið safn af lofsöngvum, þjóðsöngvum og þjóðlögum allra landa.

Það yrði oflangt mál að telja hér upp fleira, en óhætt er að fullyrða, að fyrir þá sem vilja fá sér létta, skemtilega og mikla músík, fyrir litla peninga, er ekki annað en að snúa sér til Olfert Jespersens Musik-Forlag, Abildgaardsgade 3, Köbenhavn.

X.

Eldhússbálkur.

Kindaheili er mjög góður. Afvatnið hann í dálitlu saltvatni með ediki og skiftið um það nokkrum sinnum. Sjóðið hann svo, skerið hann í sneiðar, dýfið sneiðunum í egg og steytt brauð og steikið þær fallega brúnar í sjóðandi feiti. Spinat er gott með steiktum heila.

Eplakaka. Þegar búið er að afhýða eplin, þá eru kjarnahúsin tekin út og eplin skorin í smá bita, sem sjóðast meirir í svo litlu vatni, sem unt er, og sykri eftir vild. Tvíbökur eru nú teknar og muldar smátt og brúnaðar á steikarpönnu í dálitlu smjöri. Þetta er síðan látið kólna. Svo er flatbotnað, kringlótt mót smurt bæði í botninn og um hliðarnar. Síðan er eitt lag af eplamaukinu lagt á botninn, en vel þarf að gæta þess að taka eplin upp úr vatninu með gataskeið eða fiskspaða, svo vatnið geti runnið sem bezt af þeim. Yfir eplalagið er svo stráð muldum tvíbökum, en þó ekki of miklu af þeim. Þetta er nú látið inn í bakaraofn og steikt þar eina kl.st. Þegar eplakakan er bökuð, þá er hún tekin út úr ofninum og látin vera í kökumótinu þangað til hún er nærri því köld. Þá er henni hvolft úr því á fat og skreytt að ofan með harðþeyttri rjómafroðu, en þó þannig, að hér og hvar sjái í kökuna sjálfa. Fallegt er að hafa hingað og þangað innan um smádepla af rauðu ribsberjamauki. Borin á borð sem eftirmatur.

Arni Eiríksson

Austurstræti 6 Reykjavik

Hefir altaf birgðir af **vefnaðarvörum, prjónavörum** og **hreinlætisvörum.**

Sendir þeim, sem kaupa eða panta vörur fyrir 10 krónur í einu burðargjaldsfrítt á þær hafnir, sem strandferðaskipin koma við á. Gegn póstkröfu ef þess er óskað.

Silkin

í

EDINBORG

segja allar konur og meyjar, að séu sérlega vel valin í ár, góð að gæðum, falleg, en samt ódýr, úr mörgum tegundum að velja.

Silkiborðar, margar breiddir og litir.
Dömukragar fallegir og ódýrir.
Regnkápur, fjölbreyttasta úrval í bænum.

Athugið gæði og verð.

Verzlunin EDINBORG.

Útgefandi: **Bríet Bjarnhéðinsdóttir.** — Prentsmiðjan Gutenberg.